

1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **ORIGIN ÁBURÐUR, FLOKKUR 3**
 Áburður byggður á ammoníumnítrati (getur innihaldið ammoníumsúlfat, N < 45%).

Tilvísunarnúmer: -

Gerð vöru: Blanda. Fast efni, kynni.

Reach skráningarnr: 01-2119463277-33

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Áburður.

Fraráðin notkun: Öll önnur notkun.

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Tengiliður fyrirtækis: msds@skeljungur.is

Útgáfudagsetning: 11.06.2018

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

-

Helstu hættur

Eðlissræn hættu: Áburðurinn er venjulega hættulaus við rétta meðhöndlun. Hann er ekki eldfimur en getur verkað eldnærandi, jafnvel án lofts. Hann bráðnar við hita og áframhaldandi hitun getur valdið niðurbroti með losun eitraðra gufa og gastegunda s.s. nitroxíða, ammoníaks, brennisteins (N og S blöndur) ofl. Mikið þarf til að valda sprengingu en upphitun í lokuðu rými getur leitt til sprengingar.

Heilsufarshætta: Áburðurinn er almennt skaðlaus við rétta meðhöndlun. Endurtekin eða langvarandi snerting við húð getur þó valdið óþægindum, inntaka mikils magns getur valdið truflunum í meltingarvegi og innöndun mikils ryks getur valdið ertingu í efri hluta öndunarvegjar með einkennum s.s. særindum í hálsi og hósta.

Umhverfishætta: Mikil níturat- og fosförmengun getur haft umhverfisáhrif, s.s. ofauðgun í lokuðum vatnakerfum (sjá kafla 12).

2.2. Umbúðamerkingar

Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Hættumerki: -

Viðvörðunarorð: -

Innihaldsefni: -

Hættusetningar (H): -

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: -

Forvarnir: P210 Halðið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar.

P220 Má ekki nota eða geyma í námunda við brennanleg efni.

P221 Gætið þess að blanda efninu ekki saman við brennanleg efni.

P264 Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun.

P280 Notið augnhlífur/andlitshlífur.

Viðbrögð: P305 + P351 + P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P337 + P313 Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.

P370 + P378 Ef eldur kemur upp: Notið mikið vatn til að slökkva eldinn.

Geymsla: -

Förgun: -

Viðbótarupplýsingar: -

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur: -

Takmarkanir á notkun: -

Annað: -

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

<i>CAS-nr.</i>	<i>EB-nr.</i>	<i>Efnaheiti</i>	<i>Magn, %</i>	<i>Flokkun</i>
6484-52-2	229-347-8	ammoníumnítrat	45 - <80	Eldmynd. fast efni 3 H272 Augnert. 2 H319
7783-20-2	231-984-1	ammoníumsúlfat	e. blöndu	-
1317-65-3	215-279-6	kalksteinn	e. blöndu	-

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

4. Skyndihjálp.

4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

Almennt: Leitið lækni í vafatilfellum og ef óþægindi eru viðvarandi.

<i>Við innöndun:</i>	Tryggið hreint loft á rykfríum stað. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
<i>Snerting við húð:</i>	Þvoið vel með nægu vatni.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið strax vel með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum öðru hverju til að tryggja fullnægjandi skolun. Fjarlægið snertilinsur ef við á og það er auðvelt og haldið skolun áfram. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
<i>Inntaka:</i>	Framkallið EKKI uppköst nema að ráði lækni. Skolið munninn og gefið síðan nóg af vatni að drekka. Leitið lækni ef tekið hefur verið inn umtalsvert magn eða ef óþægindi eru viðvarandi. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Innöndun niðurbrotsefna sem myndast við bruna, s.s. nituroxíða, ammoníaks og brennisteins, getur haft ertandi og ætandi áhrif á öndunarfæri. Sum áhrif á lungu geta verið seinkuð. Gefið slasaða súrefni, sérstaklega ef blámi er sjáanlegur kringum munn.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Notið slökkviefni eftir umhverfi og aðstæðum ef eldur hefur ekki borist í áburð. Notið mikið af vatni ef eldur er í áburði.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki þurrefni eða froðu og reynið ekki að draga úr eldinum með gufu eða sandi.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: Sprengihætta getur myndast við bruna í lokuðu/takmörkuðu rými og/eða þegar áburðurinn er mengaður öðrum efnum (t.d. lífrænum efnum eða halógensamböndum - sjá kafla 10). Hindrið að bráðinn áburður berist í niðurföll.

Hættuleg niðurbrotsefni geta verið nituroxíð, ammoníak, brennisteinn (N og S blöndur) og mögulega einnig saltsýra eftir samsetningu áburðarins.

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður: Notið fersklöftstæki ef hætta er á innöndun efnagufa eða reyks.

Sérstakar aðferðir: Nálgist hættusvæðið undan vindi og forðist innöndun gufu eða gass. Opnið dyr og glugga til að auka loftræstingu. Hindrið að áburðurinn mengist af olíu eða öðrum eldfimum efnum.

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Forðist innöndun ryks og gangið ekki yfir efni sem farið hefur niður.

Hlífðarbúnaður: Viðeigandi persónuhlífar og hlífðarklæðnaður.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni: Hreinsið efnið upp og látið í heppileg og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Forðist rykmyndun. Blandið ekki með sagi eða öðrum eldfimum eða lífrænum efnum. Þynnið mengað efni og áburðarduft með óvirkum efnu s.s. kalksteini, fosfati, gífsi eða sandi eða leysið það upp í vatni.

6.4. Tilvísanir í aðra kafla

Tilvísanir: Sjá kafla 1 fyrir upplýsingar um neyðarnúmer.
Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla.**7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

Meðhöndlun: Forðist mikla rykmyndun. Forðist að menga efnið með eldfimum efnum (s.s. díselolíu, feiti o.þ.h.). Forðist óþarfa loftun efnisins til að það dragi ekki í sig raka. Notið viðeigandi persónuhlífar þegar unnið er með efnið til lengri tíma, t.d. hlífðarhanska og hlífðargleraugu. Hreinsið tæki og áhöld fyrir viðhald og viðgerðir.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymist á þurrum og vel loftræstum stað, varið gegn beinu sólarljósi og í samræmi við reglur. Geymið fjarri eldfimum efnum s.s. heyi og díselolíu, hitagjöfum og opnum eldi. Reykið ekki á geymslustað. Við geymslu á áburði í lausu þarf að hindra að mismunandi áburðartegundir blandist. Hindra þarf að áburðurinn verði fyrir verulegum hitabreytingum til að forðast niðurbrot. Takmarkið stæðustærð í samræmi við reglur og hafið a.m.k. 1 metra bil kringum hverja stæðu.
Æskilegt umbúðaefni er plast, stál eða ál. Forðist að nota umbúðir úr kopar eða zinki.

Ósamrýmanleiki: Eldfim efni, olía, feiti.

7.3. Sértek endanleg notkun

Sértek notkun: Áburður.

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.**8.1. Mengunarmörk**

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

-

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Forðist rykmyndun og notið loftræstingu/frásog eftir þörfum til að hindra innöndun ryks eins og kostur er.

Persónuhlífar;

Öndunartæki: Notið rykgrímu eða öndunartæki með síu P2 (staðlar EN 136, EN 140, EN143, EN149) ef rykmyndun er mikil eða loftræsting er ófullnægjandi.

Fyrir augu: Hlífðargleraugu með hliðarhlífum skv. staðli EN 166 ef þörf krefur.

Fyrir hendur: Hlífðarhanskar úr t.d. plasti, gúmmíi eða leðri þegar unnið er með efnið yfir lengri tíma.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið, fyrir önnur hlé og eftir vinnu.

Umhverfið: Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

<i>Ástand:</i>	Fast efni
<i>Útlit:</i>	Hvít, gulleit, ljósgrá, brún og glær korn korn nema þau séu lituð við framleiðslu, stærð 2-4 mm
<i>Lykt:</i>	Lyktarlaust
<i>Sýrustig (pH):</i>	> 4,5 (100g/l við 20°C)
<i>Suðumark:</i>	-
<i>Bræðslumark:</i>	Ekki ákvarðað fyrir blönduna en hreint ammoníumnítrat bráðnar við um 170°C
<i>Blossamark:</i>	-
<i>Sprengimörk:</i>	Mikið þarf til að valda sprengingu en mengun með öðrum efnum, sérstaklega þeim sem talin eru upp í lið 10.5, og upphitun í lokuðu rými getur leitt til kröftugra efnahvarfa eða sprengingar.
<i>Eldnærandi:</i>	Ekki flokkað sem eldnærandi
<i>Sjálfkveikja:</i>	-
<i>Niðurbrotshitastig:</i>	Niðurbrot hefst við um 170°C
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	Þyngd í lausu; 1000-1050 kg/m ³
<i>Seigja:</i>	-
<i>Leyzni:</i>	> 100 g/l af vatni við 20°C, rakadrægt
<i>Deilistuðull:</i>	-

9.2. Aðrar upplýsingar

Annað: -

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni: Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og notkun.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og notkun.

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

Hættuleg efnahvörf: Brotnar niður með gasmyndun við > 170°C.

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

Skilyrði: Mikill hiti. Efnið byrjar að brotna niður við um 170°C (gasmyndun). Forðist mengun af öðrum efnum og blöndun við ósamrýmanleg efni (sjá 10.5). Málmsuða og önnur viðhaldsvinna sem orsakar hita nema að undangenginni hreinsun.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Eldfim efni, afoxunarmiðlar, sýrur, basar, brennisteinn, klórsambönd, krómsambönd, nítrít, permanganat, málmduft og efni sem innihalda málma s.s. kopar, nikkell, kóbalt, zink eða blöndur þessara málma.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Efnið bráðnar við mikinn hita og brotnar niður með losun eitraðra gufa og gastegunda s.s. nituroxíðs, ammoníaks og ýmissa gastegunda eftir samsetningu áburðarins.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.**11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif**

Almennt: Varan er talin hættulaus við rétta meðhöndlun og notkun.

Helstu áhrifaleiðir: -

Áhrif við innöndun: Ryk getur valdið ertingu. Niðurbrotsefni geta verið hættuleg, eitrunareinkenni geta verið seinkuð.

Áhrif á augu: Langvarandi snerting getur valdið ertingu.

Áhrif á húð: Langvarandi snerting getur valdið ertingu.

Áhrif við inntöku: Getur valdið meltingarfæratrufunum ef tekið er inn mikið magn.

Bráð eiturhrif: Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

Langvinn áhrif: Sumar gerðir áburðarins geta innihaldið ammoníumsúlfat og kalkstein sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu. Kalksteinninn inniheldur um 2% örfint kísilryk sem tengt hefur verið við sjúkdóminn kísillunga.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.**12.1. Eiturhrif**

Eiturhrif: Ekki flokkað sem hættulegt umhverfinu. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um eiturhrif einstakra innihaldsefna.

12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Þrávirkni/niðurbrot: Efnið er ólífrænt. Ammoníumnítrat leysist fullkomlega í jónir í umhverfinu.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun í lífverum: Litlar líkur eru taldar á uppsöfnun.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreyfanleiki: Virk innihaldsefni leysast mjög vel í vatni. NH_3^- jónin er hreyfanleg, NH_4^+ binst jarðvegi.

12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum

PBT/vPvB efni: Varan inniheldur ekki PBT/vPvB efni.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: Mikil mengun getur haft umhverfisáhrif s.s. ofauðgun í lokuðum vatnakerfum.

* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

13. Förgun.**13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Meðhöndlun úrgangs: Notið sem áburð, endurvinnið eða skilið á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: -

Förgun umbúða: Tæmið umbúðir vel og hreinsið með viðeigandi aðferðum. Menguðum umbúðum skal farga á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga með venjulegum hætti eða endurvinnna. Fjarlægið ekki umbúðamerkingar nema umbúðirnar hafi verið hreinsaðar.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.

14.1. UN númer

UN númer: Varan fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.

14.2. Rétt UN sendingarheiti

Sendingarheiti: -

14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga

Hættuflokkur/flokkar: -

Varúðarmerki: -

Hættunúmer: -

Gangakóði: -

EmS: -

14.4. Pökkunarflokkur

Pökkunarflokkur: -

14.5. Umhverfishættur

Skaðlegt umhverfinu: -

Sjávarmengandi: -

Annað: -

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

Varúðarráðstafanir: -

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:

Magnflutningar: -

15. Upplýsingar varðandi regluverk.

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Takmarkanir á notkun:-

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: Skýrsla hefur verið gerð fyrir efnið.

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning útgáfu: 11.06.2018

Útgáfa númer: 1,0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

H272 Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).

H319 Veldur alvarlegri augneringu.

Aðrar upplýsingar: -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá Origin Fertilisers (UK) Ltd., Royston, Hertfordshire, SG8 5HW, UK, dags. 20.06.2016.